

## AXLARADGERÐ

Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi (**hvorki matur eða drykkur í 6 tíma fyrir aðgerð**) og hafa farið í sturtu um morguninn. Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig. Ágætt er að skilja eftir heima eða taka af sér hringa og skartgripa á fingrum fyrir aðgerð og vera í þægilegum fötum. Oftast þarf að fara úr fötum nema nærfötum fyrir aðgerð.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Oftast tekur þetta um 2-3 tíma í allt. Þú keyrir ekki bíl sama dag.

Áður en þú ferð af læknaðstofunni ræðir læknir þinn við þig og gefur þér endurkomutíma sem oftast er um 7-10 dögum eftir aðgerð.

**Ekki taka nein blóðþynnandi lyf né heldur náttúrulyf og lýsi 1 viku fyrir aðgerði. Bólqueyðandi lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau eins og önnur lyf um morguninn fyrir aðgerð með sopa af vatni.**

**Hreyfing:** Vanalega má hreyfa höndina fljótlega eftir aðgerð, auka síðan hreyfingu uns fullri hreyfing er náð, en það getur tekið nokkrar vikur. Nánari leiðbeiningar standa neðst á sjúkrahjálfunarbeiðni sem þú færð eftir aðgerð.

**Verkir:** Mikilvægt er að taka verkjalyf reglulega fyrstu dagana sem send eru rafrænt í apótek samdægurs en minnka fljótlega notkun þegar verkir minnka. Gott er einnig að hafa kælípoka á öxlinni af og til eftir aðgerð til að minnka verki.

**Umbúðir:** Taka allar umbúðir af eftir 3 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka vel sárin og setja síðan umbúðir yfir sem loftar um (fást í apótekum). Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu, en það er algengt vegna vökvans sem notaður er í aðgerðinni. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Kostnaður við aðgerð má sjá á heimasíðu Orkuhússins inn á Læknastöðin.

**Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða ef mjög brátt þá við undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.**

**Óskum þér góðs bata.**

Örnólfur Valdimarsson MD, PhD, OLY.

Bæklunarskurðlæknir

Læknastöðin Orkuhúsinu

Urðarhvarf 8

203 Kópavogur